

Reglur um afslátt á fasteignagjöldum tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega

1. gr.

Lagagrundvöllur

Elli- og örorkulífeyrisþegar sem eiga lögheimili í Grindavík eiga rétt á afslætti á fasteignaskatti, sbr.5. gr. laga nr. 4/1995, og fráveitugjaldi, sbr. 15. gr. laga nr. 9/2009, skv. eftirfarandi reglum:

2. gr.

Réttur til afsláttar

Til að geta átt rétt á afslætti þarf eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:

a. Viðkomandi er a.m.k. 75% öryrki eða 67 ára eða eldri. Ellilífeyrisþegar geta fyrst átt rétt á afslætti hafi þeir orðið 67 ára á næsta ári á undan álagningarári. Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegum afslætti frá því að örorkumat tók gildi. Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera elli- eða örorkulífeyrisþegi.

b. Húsnæðið sé í eigu umsækjanda. Ef um hjón eða sambúðaraðila er að ræða er nóg að annar aðilinn sé skráður fyrir húsnæðinu. Þrátt fyrir þetta geta aðilar sem búa í húsnæði í eigu Búmannanna sótt um afslátt skv. þessum reglum.

c. Umsækjandi þarf að hafa lögheimili í húsnæðinu og búa þar sjálfur og íbúðarhúsnæðið skal vera staðsett á íbúðarsvæði skv. skipulagi. Heimilt er að víkja frá skilyrði um búsetu þegar viðkomandi dvelur á stofnun, á því ári sem viðkomandi fer á stofnun og næsta ár þar á eftir, enda hafi viðkomandi ekki leigutekjur af húsnæðinu, eða húsnæðið er ekki nýtt af öðrum.

d. Falli annar aðilinn, sem getið er í staflið b, frá þá á sá eftirlifandi rétt á því að njóta afsláttar hjóna, eða sambúðaraðila, út næsta ár eftir að fráfallið átti sér stað óski hann þess.

3. gr.

Umsókn um afslátt

Sækja þarf árlega um afsláttinn á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Sækja þarf um afslátt hvers árs innan ársins.

Fylgja skal umsókn staðfest afrit skattframtals á álagningarári, vegna tekna og eigna fyrra árs. Hjá örorkulífeyrisþegum skal auk þess fylgja ljósrit af örorkuvottorði.

4. gr.

Afsláttur

Veittur er afsláttur í 4 flokkum. 25%, 50%, 75% og 100% af þeim gjöldum sem tiltekin eru í 1. grein þessara reglna. Tekjur næstliðins árs, skv. framtali álagningarárs, ráða því í hvaða afsláttarflokk um ræðir, sbr. 5. gr.

5. grein.

Tekjuviðmið

Tekjur til útreiknings á afslætti eru tekjuskatts- og útsvarsstofn að viðbættum fjármagnstekjum og tekjum erlendis ef um þær er að ræða.

Bæjarstjórn Grindavíkur ákvarðar árlega hver tekjuviðmið hvers afsláttarflokks verða.

Samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkurbæjar 24. sept. 2013

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri